

FSu

Vorönn 2017

Jón Özur Snorrason

Rósa Marta Guðnadóttir

# Kvennabókmenntir

## ÍSLE3KB05

### ÁFANGALÝSING

Fjallað um kvennabókmenntir í víðum samhengi og skyggst inn í sögu kvennabókmennta. Lesnar eru skáldsögur, smásögur og ljóð eftir konur auk fræðilegrar umfjöllunar um kvennabókmenntir. Fyrir liggur fjölbreytt verkefnavinna, verkleg, munnleg og skrifleg. Farið er fram á sjálfstæð, skapandi og vönduð vinnubrögð. Forkröfur eru að nemendur hafi lokið tveimur íslenskuáföngum á 2. þrepi.

### MARKMIÐ ÁFANGANS

*Bekkingarviðmið* þar sem nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- orðaforða sem nægir til að lesa og tjá sig helstu bókmenntaverk
- mismunandi gerðum bókmennta sem konur hafa skrifað
- inntaki og einkennum þeirra verka sem lesin eru
- ritgeðarsmíð og heimildavinnu
- helstu bókmenntahugtökum.

*Leikniviðmið* þar sem nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skrifa ritgerðir þar sem hann beitir gagnrýninni hugsun við úrvinnslu og kemur efninu á framfæri á skilmerkilegan hátt í blæbrigðaríku máli
- skilja og nota viðeigandi stílbrögð og menningarlegar vísanir í talmál og ritmál
- sýna sjálfstæði í vinnubrögðum og nýta eigin sköpunargáfu
- skilgreina lykilhugtök og greina mismunandi sjónarmið.
- nota viðeigandi hjálpargögn við frágang ritsmíða.
- nýta sér uppbyggilega gagnrýni annarra
- ganga frá texta til birtingar.

*Hæfniviðmið* þar sem nemandi hagnýtir sér þekkingu sína og leikni til að:

- átta sig á samfélagslegum skírskotunum og sýna siðferðisvitund og víðsýni í málflutningi
- skrifa skýran og vel uppbyggðan texta og velja ritstíl eftir aðstæðum og viðtakendum
- beita gagnrýninni hugsun við lesturinn og greina dulinn boðskap og hugmyndir
- túlka og bera saman bókmenntaverk og setja þau í sögulegt samhengi
- tjá rökstudda afstöðu og geta tekið virkan þátt í umræðum
- leggja mat á og efla eigin málfærni

## KENNSLUEFNI / LESEFNI

- Einstakar greinar um kvennabókmenntir og efni frá kennara á múðlu.
- Valin ljóð og smásögur í ljósriti eða á vefrænu formi.
- Kristín Marja Baldursdóttir. *Óreiða á striga*.
- Ljóðabækur af ljóðabókalista.
- Smásögur af smásagnalista.
- Kjörbók af kjörbókarlista.

## HANDBÆKUR OG VEFSÍÐUR

- Dagný Kristjánsdóttir. *Undirstraumar*.
- Ýmsir höfundar. *Íslensk bókmenntasaga III*.
- Helga Kress. *Stúlka. Ljóð eftir íslenskar konur*.
- *Bókmenntavefurinn*. [<http://www.bokmenntir.is>]
- Soffía Auður Birgisdóttir. *Ágrip af bókmenntasögu kvenna*.
- Svanhildur María Gunnarsdóttir og Þórður Ingi Guðjónsson. *Kona kemur við sögu*.

## NÁMSMAT

- 10% Mæting, virkni og frumkvæði í umræðum og verkefnavinnu.
- 20% Próf úr *Óreiðu á striga* og öðrum völdum textum.
- 20% Lokaverkefni og / eða ritgerð.
- 50% Fjölbreytt símatsverkefni.

## VERKEFNASKIL OG MÆTING

MIKILVÆGT er að skila verkefnum í símatsáfangi á réttum tíma svo námið fari fram jafnt og þétt. Ekki er gert ráð fyrir því að nemandi geti skilað fjölda ólokinnar verkefna í lok annar. Fáir nemandi 0 fyrir þrjú skilaverkefni telst hann hafa sagt sig úr áfanganum.

Nemendur sem missa af prófum eða verkefnum vegna veikinda bera sjálfir ábyrgð á því að tilkynna kennara það. Um annan próftíma en hinn auglýsta próftíma er ekki að ræða. Sjúkrapróf fara fram í lok annar.

Nemendum ber að virða höfundarrétt og ekki skila inn verkefnum sem koma frá öðrum. Verði nemandi uppvís að slíku fær hann verkefni sitt ekki metið til einkunnar. Sama gildir um þann nemanda sem lætur öðrum verkefni í té. Stefnt er að leikhúsferð á önninni.

Notkun síma og sambærilegra tækja er ekki heimil í tímum nema í tengslum við námið. Ítrekuð óleyfileg notkun samsvarar fjarvist.

## TÍMAÁÆTLUN OG YFIRFERÐ EFNIS

<p>1.–3. vika: Kynning á efni og fyrirkomulagi áfangans. Hvað eru kvennabókmenntir? Skilgreiningar og reynslusögur. Ágrip af bókmenntasögu kvenna. Fræðigreinar skoðaðar. Umræður, próf, verkefni og ritun. Kjörbók valin og lestur hafin.</p> <p>4. – 6. vika: LJÓÐLIST íslenskra kvenna (fyrri hluti). 19. öldin og fyrri hluti 20. aldar. Ljóðgreining og túlkun. Ljóðlist í sögulegu samhengi. Þróun, umfjöllunarefni og efnistöð. Umræður, próf, verkefni og ritun. Leikhúsfer og heimsókn í kvennabókasafn.</p> <p>7. – 10. vika: SMÁSÖGUR íslenskra kvenna. Hvað er smásaga? Hvernig smásögur skrifa konur? Þróun, umfjöllunarefni og efnistöð. Umræður, próf, verkefni og ritun. Skil á kjörbókarverkefni.</p>	<p>11. – 13. vika: LJÓÐLIST íslenskra kvenna (seinni hluti). Síðari hluti 20. aldar og byrjun 21. aldar. Ljóðgreining og túlkun. Ljóðlist í sögulegu samhengi. Þróun, umfjöllunarefni og efnistöð. Umræður, próf, verkefni og ritun.</p> <p>14. – 17. vika: Óreiða á striga eftir Kristínu Mörju. Umræður, próf, verkefni og ritun.</p> <p>15. – 16. vika: PÁSKAFRÍ.</p> <p>17. – 18. vika: Munnlegt próf og uppsóp.</p>
--	--

Með fyrirvara um breytingar á kennsluáætlun og ósk um áhuga, jákvæðni og góða mætingu.

Jón Özur Snorrason, jonzur@gmail.com

Rósa Marta Guðnadóttir, rosamarta55@gmail.com

FSu  
Vorönn 2017  
Jón Özur Snorrason  
Rósa Marta Guðnadóttir

# KVENNABÓKMENNTIR

## KJÖRBÓKARLISTI

Auður Ava Ólafsdóttir ÖR  
Auður Jónsdóttir Ósjáfrátt  
Álfrún Gunnlaugsdóttir Fórnarleikar  
Fríða Á Sigurðardóttir Maríuglugginn  
Gerður Kristný Hestvík  
Guðrún Eva Mínervudóttir Skegg Raspútíns  
Jakobína Sigurðardóttir Lifandi vatnið  
Kristín Eiríksdóttir Hvítfeld  
Kristín Helga Gunnarsdóttir Litlar byltingar  
Kristín Ómarsdóttir Hér  
Kristín Steinsdóttir Ljósá  
Oddný Eir Ævarsdóttir Jarðnæði  
Ragna Sigurðardóttir Vinkonur  
Ragnheiður Jónsdóttir Þóru sögurnar  
Sigurbjörg Þrastardóttir Sólar saga  
Steinunn Sigurðardóttir Gæðakonur  
Svava Jakobsdóttir Gunnlaðar saga  
Vigdís Grímsdóttir Dísusaga: konan með gulu töskuna  
Vilborg Davíðsdóttir Auður  
Þórunn Erla Valdimarsdóttir Stúlka með höfuð